



3. skólaráðsfundur 9.11.2021 kl 8:10 – 8:50

Fundarstjóri: Ingibjörg Magnúsdóttir

Fundarritari: Inga

Mættir: Ingibjörg Magnúsdóttir skólastjóri, Gyða Rós Bragadóttir fulltrúi kennara, Brynja Björk Jóhannsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Arna Rut Arnardóttir og Haukur Freyr Ólafsson fulltrúar nemenda, Linda Grétarsdóttir og Borghildur Sverrisdóttir fulltrúar foreldra og Fjóla Sigrún Sigurðardóttir deildarstjóri tómstundamiðstöðvar.

1. Niðurstöður úr ytra mati kynntar

Farið yfir niðurstöður og sagt frá helstu styrkleikum og því sem þarf að bæta. Sendur verður póstur á foreldra í kjölfarið með helstu niðurstöðum. Skólinn kom vel út úr matinu en unnin verður umbótaáætlun í kjölfarið. Skýrslan um skólann er aðgengileg á heimasíðu Menntamálastofnunar, þegar umbótaáætlun skólans verður tilbúin mun hún líka vera birt á heimasíðu mms.is

2. Lesferill

Niðurstöður úr Lesferli kynntar. Þegar niðurstöður Lesferils liggja fyrir eru þær kynntar fyrir kennurum og í kjölfarið er unnin aðgerðaráætlun um hvernig eigi að bregðast við. Skólinn kemur misvel út eftir árgöngum og eru aðgerðir miðaðar við niðurstöður hvers árgangs.

3 Heimasíðan

Hvaða upplýsingar finnst fólki vanta inn á heimasíðuna? Send verður könnun á foreldra og nemendur um hvað þeim finnst vanta og hvað þau myndu vilja sjá á henni. Hafa opnar spurningar.

4. Brunaæfing

Haldin er æfing tvisvar á ári, búið að vera með eina æfingu núna í haust og það verður önnur í vor. Tekinn er tíminn til að sjá hversu lengi er verið að tæma skólann. Æfingin í haust gekk vel.

5. Ganga um skólann og koma með athugasemdir varðandi öryggi ef einhverjar eru: frestað þangað til næst, þá verður þetta eina málið.

6. Önnur mál

- Myndir á heimasíðu, er hægt að setja þær þannig inn að ef þú smellir á þær þá stækka þær?
- Hurð hjá Skraðsseli, fyrirspurn um hvort búið sé að laga hana en hún var mjög stíf og nemendur áttu erfitt með að opna hurðina, fram kom hjá Fjólu að Ægir hafi verið búinn að laga hana.

Fleira ekki gert, fundi slitið 8:54